

Rekstrarstöðvunartryggingu er ætlað að brúa bilið meðan rekstur liggur niðri að hluta eða öllu leyti í kjölfar eignatjóns þar til unnt er að hefja fulla starfsemi að nýju. Vátryggingin bætir nauðsynleg aukaútgjöld við að endurvekja reksturinn og fastan rekstrarkostnað sem ekki fellur niður á tímabili rekstrarstöðvunar. Unnt er að kaupa viðbótarvernd sem bætir afkomutap á tímabilinu. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er vátryggingartaki. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa, eigendur að óbeinum eignaréttindum eða nýjan eiganda.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir rekstartjón, eins og nánar greinir í 4.-6. gr. skilmálans, sem vátryggður verður fyrir vegna tímabundinnar stöðvunar eða truflunar á rekstri hans og orsakast eingöngu af eignatjóni. Bætur greiðast fyrir það tímabil sem rekstur liggur tímabundið niðri að hluta eða öllu leyti frá þeim tíma sem eignatjónið varð og að hámarki í þann bóttatíma sem fram kemur á vátryggingarskírteini, en þó aldrei lengur en þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að hefja rekstur að nýju í sama horfi og fyrir eignatjónið.

Vátryggingin tekur til heildarreksturs vátryggðs rekstraraðila á vátryggingarstað nema annað leiði af vátryggingarskírteini. Dótturfélög og tengdir rekstraraðilar, sem reknir eru sem sjálfstæðir lögaðilar, falla ekki undir vátrygginguna.

3. gr. Skilgreiningar

Með rekstartjóni er átt við almennt fjártjón vátryggðs rekstraraðila, sem hvorki telst tjón á munum né líkamstjón og felst í auknum rekstrargjöldum eða brottfalli eða skerðingu rekstrartekna.

Með eignatjóni er átt við að skemmdir eða alþjón hafi orðið á lausafé eða fasteign í eigu vátryggðs í tilteknum atburði af völdum bruna, vatns eða innbrots og sem leiðir til bótaréttar úr eignatryggingu vátryggðs hjá félaginu. Sama gildir um þess háttar eignatjón á leiguhúsnaði sem vátryggður hefur starfsemi sína í þótt það sé tryggt hjá öðru vátryggingafélagi.

Með rekstrarstöðvun er átt við það tímabil sem rekstur vátryggðs liggur tímabundið niðri að hluta eða öllu leyti. Með rekstrartruflun er átt við að bótaskyld eignatjón hafi í för með sér neikvæð áhrif á tekjustreymi, framleiðslugetu eða rekstur vátryggðs að öðru leyti án þess þó að starfsemin liggi niðri.

Með veltu er átt við rekstrartekjur vegna bókfærðrar sölu á vöru eða þjónustu samkvæmt útgefnum reikningum að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum ástæðum.

Með framlegð er átt við veltu að frádreginni notkun á hráefni eða vöru, birgðabreytingum, pökkun, flutningi og öðrum breytilegum kostnaði sem fellur niður við stöðvun reksturs.

4. gr. Aukakostnaður og útgjöld vegna tjónstakmörkunar

Vátryggingin greiðir bætur vegna sannanlegra viðbótarútgjalda sem vátryggður verður fyrir á bóttatímanum og hljóttast af aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að endurvekja rekstur hans í kjölfar eignatjóns, svo sem kostnaður við öflun bráðabirgðahúsnaðis, flutningskostnað, auglýsingar, o.fl. Tjón á hráefni, lager- eða framleiðsluvöru, vélum, tækjum, búnaði og öðrum lausafjármunum bætist ekki úr rekstrarstöðvunartryggingu né kostnaður við enduröflun þeirra.

Jafnframt endurgreiðir vátryggingin útlagðan kostnað vátryggðs við nauðsynlegar ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að afstýra eða takmarka rekstartjón, sem fellur undir vátryggingu þessa. Fjárhæð bóta vegna slíkra ráðstafana getur aldrei orðið hærri en það fjárhagstap sem þessum ráðstöfunum var ætlað að fyrirbyggja og fengist hefði bætt úr vátryggingunni.

Bætur samkvæmt þessari grein eru aðeins greiddar samkvæmt framlögðum reikningum fyrir útlagðan kostnað, sem stofnað var til í samráði við félagið eða með samþykki þess. Engar bætur greiðast fyrir eigin vinnu eiganda vátryggðs rekstraraðila eða starfsmanna í hans þjónustu, né heldur einstaklinga eða rekstraraðila sem tengjast honum.

Fjárhæð bóta vegna aukakostnaðar og útgjalda til tjónstakmörkunar geta samtals að hámarki numið þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini vegna þeirra.

5. gr. Fastur rekstrarkostnaður

Vátryggingin greiðir vátryggðum mánaðarlegar bætur á bóttatímanum vegna fasts rekstrarkostnaðar sem ekki verður komist hjá og fellur ekki niður meðan rekstur vátryggðs liggur tímabundið niðri og tekjustreymi stöðvast af völdum eignatjóns. Með föstum rekstrarkostnaði er m.a. átt við húsnaðiskostnað, opinber gjöld, vaxtakostnað, tryggingar og laun fastráðinna starfsmanna, sem breytist ekki í takt við sölu á vöru og þjónustu eða magn framleiðslu.

Bætur vegna fasts rekstrarkostnaðar greiðast aðeins að því marki sem rekstur vátryggðs hefur staðið undir honum á síðastliðnu rekstrarári fyrir tjónsatburð og jafnframt á yfirstandandi rekstrarári fram að eignatjóni. Mánaðarleg fjárhæð bóta getur aldrei orðið hærri en sú mánaðarlega framlegð sem reksturinn skilaði fram að eignatjóninu. Sparist útgjöld á bóttatímanum lækka bætur sem því nemur. Launakostnaður til stjórnenda og aðila þeim tengdum takmarkast við regluleg framtalin mánaðarlaun á síðasta rekstrarári fyrir eignatjón án árangurstengdra launauppbóta. Liggi rekstur vátryggðs aðeins

niðri að hluta greiðast bætur í hlutfalli við lækkuð á framlegð á bótatímanum af völdum eignatjóns samanborið við síðasta rekstrarár fyrir það. Engar bætur greiðast vegna rekstrartruflana skv. þessari grein.

Fjárhæð bóta vegna fasts rekstrarkostnaðar getur að hámarki numið þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini vegna hans. Sé sú váttryggingarfjárhæð sundurliðuð frekar á váttryggingarskírteini takmarkast hámarksbætur vegna hvers kostnaðarliðar við þá fjárhæð sem þar er tilgreind vegna hans. Váttryggingarfjárhæðin mælir fyrir um hámarksbætur fyrir algera stöðvun reksturs allan bótatímann, en vari stöðvun rekstrar skemmri tíma greiðast bætur sem hlutfall af váttryggingarfjárhæðinni í samræmi við tímalengd hennar.

6. gr. Afkomutap

Váttryggingin greiðir bætur vegna afkomutaps á bótatímanum, sem orsakast af því að rekstur váttryggðs liggur tímabundið niðri að hluta eða öllu leyti af völdum eignatjóns sem og vegna rekstrartruflana af sömu ástæðu. Með afkomutapi er hér átt við missi vænts hagnaðar af rekstri á tímabilinu. Afkomutjón fæst aðeins bætt hafi verið sérstaklega um það samið gegn viðbótariðgjaldi og það tilgreint á váttryggingarskírteini.

Bætur vegna afkomutaps fást aðeins greiddar ef reglulegur rekstur váttryggðs hefur sýnt jákvæða rekstrarafkomu (hagnað) á síðastliðnu rekstrarári fyrir tjónsatburð og að bókhaldsgögn yfirstandandi rekstrarárs fram að tjónsatburði sýni fram á að svo hefði áfram mátt vænta á tímabili rekstrarstöðvunar eða rekstrartruflana. Engar bætur greiðast fyrir þann hluta reksturs sem váttryggður endurreisir ekki á váttryggingartímanum.

Bætur vegna afkomutaps greiðast fyrst þegar rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi eða árshlutareikningi liggur fyrir vegna þess tímabils sem rekstrarstöðvun varð á eða rekstrartruflana gætti. Við ákvörðun bóta skal miðað við afkomu váttryggðs af rekstrinum á síðastliðnu rekstrarári fyrir eignatjónið að teknu tilliti til breytinga í rekstrarumhverfi og sannanlegrar aukningar eða samdráttar í veltu og rekstrarafkomu á síðastliðnum mánuðum fyrir það og sú fjárhæð borin saman við rekstrarniðurstöðu þess árs sem rekstrarstöðvun varð. Við samanburðinn skal þess gætt að rekstrarreikningar endurspegli sem best hefðbundinn og eðlilegan rekstur váttryggðs fyrir og eftir eignatjón og leiðrétt sé fyrir einskiptisfærslum, bótageiðslum og gjaldfærslu kostnaðar vegna hins bótaskylda eignatjóns og þeirra áhrifa sem breytingar á rekstrinum kunna að hafa í för með sér. Bætur greiðast aðeins að því marki sem afkomutap er sannanlega að rekja til þess tímabils sem rekstur lá niðri eða rekstrartruflana gætti af völdum eignatjóns, en ekki til annarra ástæðna svo sem almennum samdrætti á markaði, breytinga í rekstrarumhverfi, almenns efnahagsástands eða annarra rekstrarlegra þátta sem varða váttryggða.

Fjárhæð bóta vegna afkomutaps geta að hámarki numið þeirri váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini vegna þess. Váttryggingarfjárhæðin mælir fyrir um hámarksbætur fyrir algera stöðvun reksturs allan bótatímann, en vari stöðvun rekstrar í skemmri tíma greiðast bætur sem hlutfall af váttryggingarfjárhæðinni í samræmi við tímalengd hennar, að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna í rekstrinum.

7. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Rekstartjón sem hlýst af öðrum orsökum en eignatjóni.
- Rekstrarstöðvun eða rekstrartruflanir sem rekja má til eignatjóns hjá viðskiptavini, birgjum eða öðrum samstarfs- eða þjónustuaðilum, þar með talið hýsingaraðilum hugbúnaðar eða tölvukerfa, fjarskiptafyrirtækja, rekstraraðila posakerfa og greiðslumiðlara.
- Rekstrartruflana hjá öðrum fyrirtækjum eða félögum innan sömu samstæðu, nema annað sé tilgreint á váttryggingarskírteini.
- Tjón á fasteign eða lausafjármunum.
- Rekstartjón sem leiðir á einhvern hátt af bágrri fjárhagsstöðu, svo sem töfum á því að rekstur hefjist að nýju af völdum fjármagnsskorts.
- Rekstartjón sem leiðir af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein eða breytingar á markaðsstöðu.
- Rekstartjón sem leiðir af töfum á endurreisn rekstrar í kjölfar eignatjóns, m.a. vegna endurskipulagningar eða breytinga á starfsemi váttryggðs, endurbóta eða breytinga á húsnæði, nema þær sé að rekja til atvika sem váttryggður hefur ekki stjórn á.
- Rekstartjón af völdum verkfalls, verkbanns, vinnustöðvunar eða annars konar vinnumarkaðsaðgerða eða kjarabaráttu.
- Rekstartjón vegna glataðs hugbúnaðar og stafrænna gagna, þar á meðal glötunar á viðskiptamannagrunni, viðskiptakröfum og vöxtum.
- Ófjárhagslegt eða óbeint tjón, svo sem tapaðri viðskiptavild eða áhrifum á vörumerki.

8. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Váttryggingin greiðir bætur sem nemur því raunverulega og óumflýjanlega rekstartjóni sem váttryggður verður fyrir í kjölfar eignatjóns að teknu tilliti til tjónstakmarkandi aðgerða. Bætur nema þó aldrei hærri fjárhæð en þær váttryggingarfjárhæðir sem tilgreindar eru á váttryggingarskírteini.

Eftir að eignatjón á sér stað sem leiða kann til bótaréttar úr þessari váttryggingu er félaginu heimilt að kveða til sérfróðan aðila til þess að sinna ráðgjöf, tilsjón og eftirliti með aðgerðum váttryggðs til takmörkunar á tjóni og endurreisn rekstursins ásamt aðstoð við ákvörðun bótaréttar og bótafjárhæða. Hann skal hafa sömu heimildir og félagið til aðgangs að gögnum og fyrirsmáli hans sem lúta að takmörkun tjóns, rekstrarlegum ákvörðunum á bótatímanum og endurreisn rekstrar skulu hafa sama gildi og félagið hefði gefið þau.

Við ákvörðun bóta skal miðað við staðfest reikningsskil á síðastliðnu rekstrarári fyrir eignatjónið að teknu tilliti til breytinga í rekstrarumhverfi og sannanlegan vöxt eða samdrátt í veltu og rekstrarafkomu á síðastliðnum mánuðum fyrir tjónsatburð. Félaginu er heimilt að líta til lengra tímabils ef framangreind reikningsskil teljast ekki endurspeglar hefðbundinn og eðlilegan rekstur váttryggðs. Félaginu er einnig heimilt að líta til þess ef væntar tekjur af starfsemi váttryggðs hafa flust til dótturfélags, hlutdeildarfélags eða félags sem er hluti af sömu samstæðu meðan rekstrarstöðvun varir. Í öllum tilvikum þarf váttryggður að sýna fram á fjártjón sitt, rekstrartölur og rekstrarafkomu með vísan til ársreikninga og staðfesta bókhaldsgagna úr viðurkenndu bókhaldskerfi, yfirlýsingar viðurkennds bókara og endurskoðanda þegar við á.

Taki váttryggður ákvörðun um að hætta rekstri í kjölfar eignatjóns í stað þess að endurreisa hann takmarkast bótagreiðslur við sannanlegan og óhjákvæmilegan útlagðan kostnað váttryggðs. Kjósi váttryggður að gera breytingar á starfsemi sinni eða rekstrarformi í kjölfar eignatjóns greiðast bætur að hámarki að því marki sem orðið hefði ef reksturinn hefði verið endurreistur án tafar í fyrra horfi og ekki lengur en þann tíma sem það hefði tekið að mati félagsins. Allar ákvarðanir sem lúta að breytti starfsemi eða eignarhaldi reksturs á bótagreiðslum skulu gerðar í samráði við félagið.

Eigendum váttryggðs rekstraraðila er óheimilt að greiða sér fjárhæðir út úr rekstrinum eða ákveða og taka við arðgreiðslum meðan tímabil rekstrarstöðvunar varir án samþykkis félagsins.

9. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar liggi fyrir um rekstur hans með því að færa tvíhliða bókhald og skila ársreikningum í samræmi við ákvæði laga og viðurkenndar reikningsskilavenjur. Honum ber jafnframt að varðveita bókhaldsgögn þannig að þau verði aðgengileg þrátt fyrir að tjón verði á starfsstöð hans. Vanhöld á færslu og varðveislu bókhaldsgagna kann að leiða til lækkunar eða niðurfellingar bóta.

Váttryggðum ber að sjá til þess að allur umbúnaður í húsnæði hans og athafnasvæði sé í fyllsta samræmi við lög og reglugerðir. Húsnæði váttryggðs skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna rekstursins og samræmast þeirri notkun sem starfsemi hans krefst.

Váttryggðum ber að gera sértækar ráðstafanir til þess að dregið sé úr hættu á tjóni á vörubirgðum, hráefni og framleiðsluvörum. Meðal annars felst í þessu að geyma vörubirgðir ekki á gólfi þar sem hætta kann að vera á vatnsskemmdum og gæta þess að niðurfall sé til staðar. Gæta skal að eldvörnum, m.a. brunahólfun, eftir því sem frekast er unnt og skal virkt viðvörunarkerfi og sjálfvirkir slökkvikerfi vera til staðar sé um eldfíman varning að ræða.

Váttryggðum ber að sjá til þess að húsnæði og athafnasvæði hans sé læst utan opnunartíma og tryggilega sé gengið frá dyrum, gluggum og hurðaropum þannig að það sé ekki aðgengilegt óviðkomandi.

10. gr. Sérákvæði um váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæðir byggja á upplýsingaskýrslu váttryggingartaka og fyrirbyggjandi reikningsskilum við töku váttryggingarinnar. Váttryggingartaka ber eftir það að sjá til þess að váttryggingarfjárhæðir séu á hverjum tíma í samræmi við rauntölur í rekstri hans og upplýsa félagið tímanlega um breytingar á þeim fyrir hverja endurnýjun váttryggingarinnar. Að öðrum kosti taka váttryggingarfjárhæðir breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar við hverja endurnýjun. Váttryggingarfjárhæðir breytast ekki innan hvers váttryggingatímabils nema um annað sé samið.

11. gr. Tjónstakmörkunarskylda

Váttryggðum ber skilyrðislaus skylda til þess að takmarka tjón sitt eins og frekast er unnt í kjölfar eignatjóns og meðan rekstur liggur niðri að hluta eða öllu leyti eða truflun á rekstri varir. Eftir að eignatjón verður ber honum þegar að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að endurreisa reksturinn í sama horf og áður eins fljótt og unnt er. Í þessu felst m.a. að grípa strax til tjónstakmarkandi aðgerða svo sem að útvega húsnæði, hráefni, önnur aðföng eða söluvöru, vélar, tæki og búnað eftir því sem þörf krefur, semja við lánveitendur um greiðslu afborgana, tryggja viðskiptasambönd og gera aðrar ráðstafanir til að takmarka tímalengd rekstrarstöðvunar og draga úr rekstrarkostnaði eins og kostur er og reksturinn leyfir. Þá ber váttryggðum að nýta alla möguleika til gjaldfærslu kostnaðar og skattalegs hagræðis, m.a. innskóttunar, sem möguleiki er á til takmörkunar tjóns.

Innan tveggja vikna frá því að eignatjón átti sér stað og rekstur stöðvast skal váttryggður afhenda félaginu eða fulltrúa þess tímasetta áætlun um tjónstakmarkandi aðgerðir og endurreisn rekstursins. Váttryggðum ber að hafa samráð við félagið eða fulltrúa þess um þær ráðstafanir sem lúta að tjónstakmörkun og endurreisn reksturs hans og ber honum jafnframt að hlíta þeim fyrirmælum sem félagið eða fulltrúi þess gerir þar að lútandi.

Hvers kyns vanræksla, vanhöld eða tafir á aðgerðum til þess að takmarka tjón getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaréttar.

12. gr. Aðgangur að upplýsingum

Váttryggður skal veita félaginu og fulltrúa þess fullan og óskertan aðgang að hvers kyns bókhaldsgögnum, ársreikningum, skattskilum og öðrum upplýsingum sem varða rekstur hans og félagið telur þörf á í tengslum við endurnýjun váttryggingarinnar, breytingar á henni eða við tjónsuppgjör. Váttryggðum ber jafnframt að veita liðsinni sitt við afhendingu gagna og öflun þeirra ásamt því að heimila öflun gagna frá skattfyrirvöldum, ársreikningaskrá, endurskoðanda og bókhaldara. Allar upplýsingar og gögn skulu veitt félaginu án endurgjalds. Vanhöld á upplýsingaskyldu geta leitt til skerðingar eða brottfalls bótaréttar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2026